

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frimannsdóttur um undanþágur frá greiðslu virðis-
aukaskatts.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu margar undanþágur eru frá greiðslu virðisaukaskatts og hvað er áætlað að þær
nemi háum fjárhæðum? Svarið óskast sundurliðað eftir starfsgreinum.*

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal greiða í ríkissjóð virðis-
aukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu.
Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Þá
nær hún til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. 2. gr. laganna.

Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er upptalning á þeirri vinnu og þjónustu sem undanþegin
er virðisaukaskatti, en þar kemur fram að eftirtalin vinna og þjónusta sé undanþegin virðis-
aukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo
og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skólalagheimila og upp-
tökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.
4. Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menn-
ingarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, list-
danssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn
hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
5. Íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum,
skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
6. Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við
fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflað.
7. Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986.
Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfaþóstsendingum,
þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.
8. Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótél- og gistihverbergja og útleiga tjald-
stæða er þó skattskyld, svo og önnur gistipjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins
mánaðar. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til
skemmri tíma en eins mánaðar.
9. Vátryggingastarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamíðlun.
11. Happraðtti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.
13. Þjónusta ferðaskrifstofa.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Í 3. gr. laga nr. 50/1988 eru tilgreindir þeir aðilar sem skyldugir eru til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í rikissjóð.

Í 4. gr. laga nr. 50/1988 kemur fram að eftirtaldir aðilar eru undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. sömu laga:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.
3. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 220.000 kr. á ári.
4. Skólamötuneyti.

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar sem geri kleift að áætla hvað undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 2. gr. og 4. gr. laga nr. 50/1988 nemi háum fjárhæðum.

Tekið skal fram að í 42. gr. laga nr. 50/1988 er kveðið á um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem nánar tilgreindir aðilar hafa innt af hendi. Hér að aftan er gerð grein fyrir slíkum endurgreiðslum á virðisaukaskatti fyrir árið 2002 (fjárhæðir eru í milljónum króna):

Vegna íbúðarhúsnæðis	1.312
Til opinberra aðila	2.764
Til erlendra aðila	385
Af vörum til manneldis	820
Vegna hitunar húsa og laugarvatns	221
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, bygging	18
Aðrar endurgreiðslur	265
	5.785